

Þriðjudaginn 18. desember 1990.

Nr. 6/1990. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
vegna Skipstjórafélags Norðlendinga**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

**Landssambandi íslenskra útvegsmanna
f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands**

(Jónas Haraldsson hdl.).

Frávisun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 11. þ. m., er höfðað með stefnu birtri 3. þ.m.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Norðlendinga.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að staðfest verði með dómi, að við uppgjör hlutaskipta til skipstjóra og stýrimanna á skipum félagsmanna stefndu sé óheimilt að reikna gjald í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins skv. lögum nr. 39/1990 af óskiptu söluverðmæti afla.

Stefnandi krefst og málskostnaðar.

Stefndi krefst þess, að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi. Hann áskilur sér allan rétt til að halda uppi efnisvörnum, verði frávisunarkrafa hans ekki tekin til greina, sbr. 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, eða Félagsdómur vísar ekki málinu ex officio frá á grundvelli 3. tl. 44. gr. laganna.

I.

Stefnandi kveður málavexti þessa: Hinn 15. maí 1990 voru sett á Alþingi lög nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Eftir setningu laganna tók að örla á því, að útgerðarmenn teldu, að reikna bæri gjald til Verðjöfnunarsjóðs af sölum frystiskipa og af sölum gámafisks af óskiptu, þ.e. draga það frá söluverði aflans, áður en skiptaverðmæti væri reiknað til hlutaskipta. Var þessi

skoðun áréttuð í umburðarbréfi LÍÚ nr. 10/1990. Þessari uppgjörsaðferð hefur þrásinnis verið mótmælt af hálfu FFSÍ og á það bent, að engin stoð væri í lögnum fyrir henni. Þrátt fyrir þessi mótmæli hefur fjöldi útgerða gert upp með þeim hætti, sem LÍÚ hvetur til í nefndu bréfi.

Við gerð kjarasamninga nú nýverið var reynt að ná samkomulagi um þetta deiluefni aðila, en án árangurs. Var gerð bókun við undirritun kjarasamnings aðila hinn 20. nóvember 1990, þar sem þeir lýsa sig sammála um, að leita megi úrlausnar Félagsdóms í málinu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að mál þetta eigi undir Félagsdóm, enda sé í kjarasamningi aðila samið um skiptaverð og það, hvernig það skuli reiknað, sbr. grein 1.10 í kjarasamningi aðila frá janúar 1987, sem enn sé í gildi. Með því að reikna gjald til Verðjöfnunarsjóðs af skiptu séu útgerðarmenn að breyta þeirri túlkun, sem gilt hefur á ákvæði kjarasamnings aðila um hlutaskipti, og sé því ágreiningur með aðilum um skilning á viðkomandi ákvæði. Falli málið því undir 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Jafnvel þótt málið teldist ekki falla undir tilvitnað ákvæði, sé þess þó vænst, að Félagsdómur taki málið til úrlausnar á grundvelli heimildarinnar í 3. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, enda hafi aðilar orðið sammála um að leggja málið fyrir dóminn. Verulegir hagsmunir séu í því fólgir fyrir málsaðila að fá skjóta og endanlega úrlausn um sakarefni málsins, því að niðurstaða þess kann að leiða til þess, að taka þurfi upp fjölda uppgjóra við sjómenn.

Málsástæður og lagarök stefnanda, að því er varðar efni málsins eru eftirfarandi:

Hvergi í lögum nr. 39/1990 er ráð fyrir því gert, að reikna skuli gjald til Verðjöfnunarsjóðs af hlut sjómanna í söluverðmæti afla. Þvert á móti kemur fram í lögnum, að innstæður í sjóðnum eru bundnar við framleiðendur eða þá, sem greiða til sjóðsins, þ.e. fiskverkendur og útgerðarmenn, sbr. 7. gr. laganna. Raunar er augljóst, að innstæður geta sætt því að koma aldrei til útborgunar, t.d. við gjaldprot, eða færst milli lögaðila, sbr. 7. gr. Hvergi er því tryggt, að hlutur sjómanna í verðjöfnunargjaldi skili sér aftur til þeirra við útborgun, en það væri forsenda þess, að þeir yrðu látnir greiða til Verðjöfnunarsjóðs, enda ella um ólögmeitt kjararáð að ræða.

Þá er á því byggt, að hlutaskipti séu bæði samningsbundin og

lögbundin, sbr. gr. 1.10 í kjarasamningi og lög nr. 24/1987, þar sem hlutaskiptareglur eru lögfestar.

Ef það hefði vakað fyrir löggjafanum að breyta þessum reglum með setningu laga nr. 39/1990, hefði þurft að kveða á um það berum orðum í lögnum, en að því er hvergi vikið, hvorki í lögnum sjálfum, greinargerð með þeim né öðrum lögskýringargögnum. Er því ljóst, að skilningur stefnda á útreikningi gjalds til Verðjöfnunarsjóðs fær ekki staðist.

Þar eð gjald í Verðjöfnunarsjóð miðast við útflutning, reynir einungis á það, hvort sjómenn skuli bera hluta þess, þegar skip fullvinnur afurðir, sem fluttar eru út, þ.e., þegar afli er frystur eða saltaður um borð, svo og þegar skip siglir með ísfisk og selur erlendis eða afli skips er fluttur ferskur út í gámum.

Þegar skip landar aflla hér innan lands, kemur gjald til Verðjöfnunarsjóðs hins vegar ekki til, heldur leggst það síðar á þær afurðir, sem úr aflanum eru unnar við útflutning þeirra.

Ekki mun hafa reynt á það í gildistið eldri laga um Verðjöfnunarsjóð nr. 72/1969, hvort sjómenn skyldu bera hluta af gjaldi sjóðsins. Þó má telja líklegt, að gjald til Verðjöfnunarsjóðs hafi haft einhver áhrif á ákvörðun fiskverðs, meðan það var ákveðið reglulega af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hins vegar hefur fiskverð að undanfögnu verið meira og minna frjálst og ráðist af framboði og eftirspurn á fiskmörkuðum hér heima og erlendis. Þau rök sumra útgerðarmanna, að fiskverð sé ákveðið m.a. með tilliti til gjalds til Verðjöfnunarsjóðs, eiga þá ekki lengur við.

II.

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að með lögum nr. 72/1969 hafi verið settur á laggirnar Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, sem hafi verið ætlað að jafna sveiflur á verði afurða til framleiðenda, þannig að þegar verð á sjávarafurðum hækkaði, væri hluti af þeirri hækkun geymdur í sjóði til að mæta verðlækkun síðar. Í stjórn sjóðsins átti sæti m.a. fulltrúi sjómanna, enda hafi þeir átt hagsmuna að gæta, m.a. þar sem greiðslur úr og í sjóðinn höfðu óbein áhrif á fiskverðsákvarðanir.

Árið 1986 hafi lög sjóðsins verið endurskoðuð í tilefni uppstokkunar á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Niðurstaðan hafi orðið sú, að sjóðurinn skyldi starfa áfram.

Stuttu síðar eða í janúar 1988 skipaði síðan sjávarútvegsráðherra

nefnd embættismanna til að endurskoða gildandi lög og reglur um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og þá hvort Verðjöfnunarsjóður væri nauðsynlegur. Nefndin skilaði álit í maí 1988 og komst að þeirri niðurstöðu, að veigamiklar forsendur fyrir starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins væru brostnar, og því bæri að leggja sjóðinn niður. Enn var sett nefnd á laggirnar á árinu 1989 til að endurskoða starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Að þessu sinni var skipuð nefnd þingmanna og hagsmunaaðila. Nefndin hóf fljótlega störf. Sjónarmið hagsmunaaðila í sjávarútvegi, þ.e. útvegs- manna og sjómanna, að leggja bæri Verðjöfnunarsjóð niður og ekki að stofna annan í hans stað, var rækilega komið á framfæri við nefndina.

Hér á eftir sé orðrétt tekið úr skýrslu formanns SSÍ árið 1990: „Nefndin, sem endurskoða átti framtíð Verðjöfnunarsjóðs, skilaði álit til sjávarútvegsráðherra í apríl 1990 í formi frumvarps til laga um nýjan Verðjöfnunarsjóð. Frumvarpið til laga um nýjan Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins var síðan lagt fram á Alþingi stuttu síðar. Í skilabréfi nefndarinnar kemur afstaða fulltrúa Sjómannasambands Íslands skýrt fram, þ.e. að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins yrði lagður niður og enginn nýr sjóður tæki við hlutverki hans. Afstaða fulltrúa útgerðarmanna var sú sama og afstaða fulltrúa SSÍ. Hins vegar var afstaða FFSÍ sú, að þeir væru fylgjandi verðjöfnun í öðrum vinnslugreinum en botnfisksvinnslu. Fulltrúar vinnslunnar voru fylgjandi hugmyndum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, eftir að ljóst varð, að útflutningur á ferskum fiski og sjófrystur fiskur yrði tekinn inn í verðjöfnunina.

Meðferð frumvarpsins á Alþingi.

Þegar þingnefndir á Alþingi fjölluðu um frumvarpið, voru flestir fulltrúar hagsmunaaðilanna kallaðir fyrir. Þó voru fulltrúar Sjómannasambands Íslands ekki kallaðir fyrir þingnefndina, sem um málið fjallaði, fyrr en framkvæmdastjóri SSÍ óskaði eftir því við nefndina, að sambandinu gæfist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við Alþingi. Í framhaldi af þeirri ósk voru fulltrúar SSÍ kallaðir fyrir þingnefndina, þar sem þeir gerðu grein fyrir afstöðu sinni til sjóðsins. Bent var á, að samkvæmt frumvarpinu væru innstæður sjóðsins sérmerktar framleiðendum og útgerðarmönnum og því ylli verðjöfnunarsjóður sem þessi ákveðnum erfiðleikum fyrir sjómenn, þar sem þeir væru á hlutaskiptakjörum og hlytu því að

eiga tilkall til sérreikninga eins og útgerðamenn. Virtist það koma þingmönnum nokkuð á óvart, að fulltrúar Sjómannasambandsins væru mótfallnir frumvarpinu, þar sem fulltrúar FFSÍ væru fylgjandi Verðjöfnunarsjóðnum. Fulltrúar SSÍ bentu á, að FFSÍ væri aðeins hlynnt verðjöfnun á öðrum tegundum en botnfiskstegundum, og því stæðist ekki, að þeir væru hlynntir sjóðnum í þeirri mynd, sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Einn þingmannanna spurði, hvort breytingartillaga við frumvarpið þess efnis, að sérstaklega yrði tekið fram, að verðjöfnunin hefði ekki áhrif á hlutaskipti sjómanna, myndi leysa vandamál varðandi hlutaskipti sjómanna. Við þá málsmeðferð gátu fulltrúar SSÍ sætt sig og fóru af fundi þingnefndarinnar í þeirri trú, að sú breytingartillaga næði fram að ganga. Hins vegar fór sú tilaga aldrei lengra og ekki var minnst á hlutaskipti sjómanna og verðjöfnun í umræðum um frumvarpið á Alþingi‘.

Hér lýkur tilvitnun í skýrslu formanns Sjómannasambands Íslands 1990.

Með lögum nr. 39/1990 var frumvarpið um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins lögfest.

Málsástæður og lagarök.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína á því, að ágreiningsefni það, sem lagt hefur verið fyrir Félagsdóm með málshöfðun þessari, falli ekki undir dómsvið Félagsdóms, þ.e. hvorki 1. né 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938. Þar sem kröfur stefnanda liggja utan dómsvalds Félagsdóms, verði að vísa máli þessu frá dómi, enda eigi mál þetta beint undir almenna dómstóla eða gerðardóm, ef aðilar kjósa þá leið.

Aðilar deili eingöngu um það, hvaða skilning eigi að leggja í lög nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, þ.e. hvort skilja beri löginn þannig, að sjómenn skuli taka þátt í verðjöfnun eða ekki.

Kjarna málsins telur stefndi snúast um hreina túlkun lagaákvæða, þótt niðurstaða þeirra lagatúlkana hafi að sjálfsögðu áhrif á kjör sjómanna, eins og ýmis önnur lög hafa haft, sbr. t.d. lög nr. 19/1987 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, 3. mgr. 6. gr. og lög nr. 66/1987 um aðgerðir í sjávarútvegi, 2. gr. Í þeim tilvikum varð ekki ágreiningur uppi um innihald þeirra laga eða túlkun, en hefði orðið svo, hefði Félagsdómur ekki átt dómsvald um slíka lagatúlkun, frekar en í máli þessu.

Ágreiningur máls þessa snúist ekki um skilning á ákvæðum kjara-

samnings eða hvernig eigi að túlka hann í heild eða einstökum greinum. Ágreiningurinn fjalli eingöngu um skýringu á lögum, þ.e. lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, og úrlausn þess heyrir ekki undir Félagsdóm skv. 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Hvergi sé að finna heimild fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á mál þetta, eins og það sé vaxið. Félagsdómur sé sérdómstóll og beri að túlka ákvæði hans um dómsvald þröngt, nema fyrir hendi sé í lögnum skýr afdráttarlaus heimild, sem feli Félagsdómi úrlausn máls um lagaágreiningu. Svo sé ekki og beri því að vísa málinu frá Félagsdómi, enda ekki verið að deila um gildi kjarasamnings eða túlkun hans, sem sé skilyrði þess, að Félagsdómur geti dæmt um ágreininginn, sbr. 2. tölulið 44. gr.

III.

Stefnandi andmælir frávisunarkröfu stefnda. Hann kveður málið falla undir dómsvið Félagsdóms skv. 1. eða 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, þar sem kjarasamningur aðila um hlutaskipti hafi verið brotinn á stefnendum. Tekið hafi verið af samningsbundnum hlut sjómanna og lagt í vasa útvegsmanna, og þar með hafi hlutur sjómanna verið skertur. Hér sé því alls ekki eingöngu um lagatúlkun að ræða, heldur jafnframt brot á kjarasamningi.

IV.

Fallast ber á með stefnda, að deila aðila snúist um skilning á lögum nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en þar er hvorki vikið að kjarasamningum sjómanna né skiptaverðmæti afla. Ber því eigi undir Félagsdóm, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, að skera úr um ágreiningsefnið. Þar sem dómendur eru á einu máli um, að ekki sé ástæða til að beita hér heimild 3. tl. sömu greinar, ber að vísa málinu frá Félagsdómi.

Málskostnaðar hefur eigi verið krafist af hálfu stefnda.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.
